

51. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði , 06.02 2018, kl. 13.30

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþótunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og 1. varamaður Gunnar Gunnarsson í forföllum Þorvarðar Ingimarssonar. Mætt til fundar var Signý Ormarsdóttir verkefnastjóri menningarmála hjá Austurbrú.

Oddviti setti fund og bauð Signýju velkomna.

Dagskrá

1. **Menningarmál, Signý Ormarsdóttir verkefnastjóri menningarmála hjá Austurbrú**
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Rafhleðslustöð, tilboð Hlöðu/Hleðslu**
4. **Drög að viðauka við samning um félagsþjónustu og barnavernd (v. „sænsku leiðarinnar“)**
5. **Gerð nýrrar heimasíðu**
6. **Kaup á landspildu, tilboð**
7. **Bréf**
 - a) Viðlagatrygging Íslands dags. 25.01 2018
 - b) Landsnet dags. 19.01 2018
 - c) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 25.01 2018
 - d) Mannvirkjastofnun dags. 04.01 2018
 - e) Ríkisendurskoðun dags. 10.01 2018
 - f) Helgi Hallgrímsson dags. 15.01 2018
8. **Fjárbeiðnir**

Leikfélag ME
9. **Fundargerðir**
 - a) Húsnefnd Végarðs 17.01 2018
 - b) Samstarfsnefnd 29.01 2018
 - c) Félagsmálanefnd 16.01 2018
 - d) Brunavarnir á Austurlandi 31.01 2018
10. **Önnur mál**

1. Menningarmál

Signý ræddi um menningarmál á Austurlandi og kynnti uppbyggingu og utanumhald þeirra verkefna er snúa að Austurbrú. Í Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019 eru sett fram metnaðarfull markmið í menningarmálum. Á ár er í undirbúningi að halda Barnamenningarhátíð og að minnast 100 ára fullveldis Íslands með verðugum hætti. Nokkur sveitarfélög á Austurlandi hafa sett sér menningarstefnur, eða eru með þær í undirbúningi ,og sagði Signý að Austurbrú gæti aðstoðað sveitarfélög í þeirri vinnu. Eftir umræður og skoðanaskipti var Signýju þökkuð koman og yfirgaf hún fundinn um kl. 14.30

2. Skýrsla oddvita

Forsætisráðuneytið óskar árlega eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um tekjur af nýtingu lands og landsréttinda inna þjóðlenda og ráðstöfun tekna af nýtingunni.

Starfsleyfi fyrir almenningssalerni við Hengifossá hefur verið endurnýjað með gildistíma til 22. janúar 2030.

Oddviti sat námskeið um ný persónuverndarlög á Egilsstöðum 23. janúar. Lögin taka gildi í maí n.k , en enn er þó margt óljóst varðandi innleiðingu þeirra og samspil við ýmis sérlög.

Bilun varð á hitatúpu í Végarði sl. föstudag. Gert var við túpuna , en þörf er á að fara í viðgerðir á lagnakerfinu við hitatúpuna , svo komið verði í veg fyrir bilanir af þessum toga.

3. Rafhleðslustöð, tilboð Hlöðu/Hleðslu

Samþykkt að ganga til samninga við Hlöðu um uppsetningu og rekstur á einni rafhleðslustöð í sveitarfélaginu. Fyrirhuguð staðsetning er við Snæfellsstofu.

4. Drög að viðauka við samning um félagsþjónustu og barnavernd (v. „, sænsku leiðarinnar“)

Sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshreppur taki þátt í innleiðingu „Sænsku leiðarinnar“ ásamt öðrum sveitarfélögum á svæðinu og samþykkir af sinnu hálfu drög að viðauka við samning um félagsþjónustu og barnavernd.

5. Gerð nýrrar heimasíðu

Ákveðið að gera nýja heimasíðu fyrir Fljótsdalshrepp. Sú gamla keyrir á úreltu kerfi og erfitt er að halda henni úti. Samþykkt að semja við PES ehf, á Egilsstöðum, um gerð nýrrar heimasíðu og hýsingu á henni. Stefnt er á að ný heimasíða verði komin í gagníð fyrir vorið.

6. Kaup á landspildu, tilboð

Varðar kaup á landspildu í kringum Végarð, gistihús og gámasvæði. Samþykkt að gera Kirkjumálasjóði tilboð í spilduna.Tilboðið er byggt á verðmati fasteignasölu.

7. Bréf

a) Viðlagatrygging Íslands dags. 25.01 2018

Varðar skemmdir á ljósleiðara í Keldá og tryggingabætur. Viðlagatrygging bætir tjón utan sjálfsábyrgðar. Kynnt.

b) Landsnet dags. 19.01 2018

Beiðni um breytingar á aðalskipulagi. Breytingin snýr að fjórum námum sem þarf að opna og breytingu á heiti fyrirhugaðrar raflínu. Sveitarstjórn samþykkir að verða við ósk Landsnets um skipulagsbreytingar. Oddvita falið að setja málið í farveg.

c) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 25.01 2018

Ráðuneytið hefur ákveðið að taka til skoðunar samstarfssamninga sveitarfélaga sem í gildi eru hér á landi. Kallað er eftir upplýsingum þar af lútandi.

d) Mannvirkjastofnun dags. 04.01 2018

Brunavarnaráætlun er ekki í gildi í Fljótsdalshreppi. Brunavarnir á Austurlandi vinna að gerð brunavarnaráætlun fyrir svæðið. Kynnt.

e) Ríkisendurskoðun dags. 10.01 2018

Verið að minna á að Landbótasjóður þarf að skila inn ársreikningi. Kynnt.

f) Helgi Hallgrímsson dags. 15.01 2018 . Kynnt.

8. Fjárbeiðnir

Leikfélag ME fyrirhugar að setja upp söngleik. Samþykkt að styrkja leikfélagið með kaupum á lógo sveitarfélagsins í leikskrá. Kr. 25.000,-

9. Fundargerðir

a) Húsnefnd Végarðs 17.01 2018

Fundargerð kynnt. Ákveðið að gefa gömlu tréstólana úr Végarði til Óbyggðasafnsins.

b) Samstarfsnefnd 29.01 2018

Kynnt. Lögð fram drög að skoðanakönnun um vilja íbúa til sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi. Rætt var um á fundi nefndarinnar hvort hafa ætti skoðanakönnun fyrir sveitastjórnarkosningar í vor, eða samfara kosningunum. Sveitarstjórn telur að ef gera eigi skoðanakönnun, þá sé það hentugast samfara sveitarstjórnarkosningum, til að tryggja sem mesta þátttöku í könnuninni. Oddvita falið að koma á framfæri nokkrum ábendingum um könnunarblaðið.

c) Félagsmálanefnd 16.01 2018. Kynnt.

d) Brunavarnir á Austurlandi 31.01 2018. Kynnt.

10. Önnur mál

Þingmenn kjördæmisins verða með „kjördæmaviku“ í næstu viku og ætla að hitta kjörna fulltrúa sveitarfélaganna mánudaginn 12. febrúar á Egilsstöðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:20

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)